

**Mál nr. 144/2018****M og  
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar X****Kona slasaðist í versluninni X þann 14.1.2016.****Gögn.**

Málskot móttakið þann 14.5.2018, ásamt fylgiskjölum 1-15.  
Bréf V, váttryggingafélags, dags. 29.5.2018, ásamt fylgiskjölum 16-18.

**Málsatvik.**

Kona slasaðist þegar hún var að versla í versluninni X þann 14.1.2016. Í málskoti M segir að hún hafi verið stödd í mjólkurkæli verslunarinnar þegar hún hrasaði um koll sem hún sá ekki á gólfinu. Segir hún kollinn hafa verið skilinn eftir á gangveginum, þar sem kælivörur eru geymdar. Við fallið kveðst hún hafa borið fyrir sig hægri handlegg til að verjast fallinu. Hlaut hún við það meiðsli á öxl.

M telur að slysið megi rekja til vanrækslu starfsmanna X á slysdegi, nánar tiltekið að sá starfsmaður sem skyldi kollinn eftir á gangvegi verslunarinnar hafi sýnt af sér gálausa og saknæma háttsemi. Vísar M jafnframt til þess að gangvegurinn hafi verið þröngur og brýnt sé að gangvegir og umferðarleiðir verslana séu án hindrana. Ríkar kröfur séu gerðar til þeirra sem reka verslanir eða þjónustu um að viðhafa allar sanngjarnar ráðstafanir til að tryggja öryggi og hindra að viðskiptavinir verði fyrir slysum. Þá vísar M til dóma Hæstaréttar þess efnis að verslunareiganda beri að gera allar þær ráðstafanir, sem sanngjarnar megi telja til þess að koma í veg fyrir slys í verslunum þeirra.

V hafnar því að um vanrækslu starfsmanna X hafi verið að ræða og vísar til þess að eðlilegt sé að starfsmenn noti kolla við áfyllingu. Þá segir V rangt að gangvegurinn hafi verið þröngur og vísar til mynda í gögnum málsins þar um. Að auki segir V að kollurinn hafi verið áberandi og með eðlilegri varkárni hefði M því átt að verða vör við hann. V vísar einnig til lýsingar starfsmannsins sem var að nota kollinn, þar sem fram kemur að M hafi dottið þegar hún var að nota kollinn til að reyna að ná í jógúrt sem var hillu verslunarinnar.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að aðbúnaður verslunarinnar og frágangur hafi verið með þeim hætti sem almennt er krafist af verslunareiganda. Ekki hefur verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til M til saknæmrar háttsemi váttryggingartaka starfsmanna hans eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 12. júlí 2018

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Lúðvík Bergvinsson lögmaður